

Í frumvarpsdrögum er kveðið á um að Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuli lögð niður og að hluta til verði í hennar stað stofnað óhagnaðardrifið einkahlutafélag, Nýsköpunargarðar, alfarið í eigu ríkisins. Ríkið mun veita Nýsköpunargörðum rekstrarfé og munu eignir Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í formi tækja og búnaðar renna til hins nýja ríkisrekna einkahlutafélags.

Nýsköpunargarðar munu taka við hluta af starfsemi og hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar en önnur verkefni verða ýmist lögð niður eða þeim dreift á aðra aðila. Þannig er gert er ráð fyrir að byggingarrannsóknir verði framkvæmdar á óskilgreindum stöðum í kerfinu, fjármagnaðar af nýjum samkeppnissjóði í byggingariðnaði fyrir það fé sem áður var veitt beint til NMÍ. Það er hins vegar mjög óljóst í frumvarpinu hversu mikið framlag muni renna til Nýsköpunargarða ehf af þeim 350 m.kr. sem áætlað er að renni til verkefna sem áður var sinnt af NMÍ sem hafði um 700 m.kr. árleg framlag úr Ríkissjóði. Það er áhættusamt rekstrarlíkan að ganga út frá því að starfsemin hafi árlega fastar tekjur af styrkumsóknum sem standi geti að stórum hluta staðið undir rekstri. Þvert á móti er nauðsynlegt fyrir rannsóknarstarfsemi að hafa tryggt rekstarfé til að geta sótt um styrki til rannsókna, þar sem oft er farið fram á mótframlag frá umsóknaraðila. Þar að auki er viðbúið að umrædd breyting á rekstrarformi, þ.e. úr opinberri stofnun yfir í ehf. hafi veruleg áhrif á möguleika til styrkumsókna, ekki síst erlendis, t.d. í Evrópu.

Það er töluverð hættu á því að þessar aðgerðir muni skaða rannsóknarinnviði á Íslandi. Þessir innviðir felast bæði í þeim tækjabúnaði sem til staðar er og byggður hefur verið upp á löngum tíma, sem og þeim samlegðaráhrifum sem felast í að reka þá á einum stað auk þeirrar þekkingar sem um rannsóknirnar skapast á þeim stað sem þær eru framkvæmdar. Með því að tvístra starfi NMÍ á marga staði er hættu á að tapa þeirri kunnáttu og hæfni sem felst í mannauði stofnunarinnar. Sú þróun er raunar þegar byrjuð þar sem margir starfsmenn hafa valið að leitað sér tækifæra á öðrum vágstöðvum. Vísinda- og rannsóknastarf er mjög háð því að samfella haldist í starfinu og rekstri þeirra innviðum sem að því snýr og því þarf að stíga varlega til jarðar þegar starfsemi er lögð niður eða endurskipulögð.

Þó að samkeppnissjóður fyrir rannsóknir byggingariðnaði sé vel þeginn, þá er óvíst slíkur sjóður ná að gegna því kjölfestu hlutverki sem NMÍ gegnir nú. Ekki er sjálfgefið að það sé bolmagn eða áhugi til staðar annars staðar í kerfinu til þess að sinna því þjónustuhlutverki við byggingariðnaðinn sem NMÍ hefur gert undanfarna áratugi. Hættu er á að ef fjármagninu er dreift á marga staði í smærri skömmun verði meiri sóun í kerfinu en þegar þessum rannsóknum sé sinnt af stofnun með skilgreint hlutverk þar að lútandi sem hefur yfir nauðsynlegri þekkingu og tækjabúnaði að búa. Eðlilegra hefði verið að stóla áfram á þá kjarnastarfsemi sem felst í byggingarrannsóknum NMÍ og bæta við samkeppnissjóði í byggingargeiranum til þess að auka sveigjanleika kerfisins. Þannig væri unnt að hámarka árangur með því að tryggja nauðsynlega kjarnastarfsemi sem gæti stutt við nýjar hugmyndir og verkefni sem fjármögnuð væru af sjóðum.

Það er rétt að benda á að árleg fjárfesting í byggðu umhverfi hérlendis er iðulega á bilinu 200 til 400 milljarðar, stór hluti þessarar fjárfestingar er í byggingum sem er ætlað að standa minnst 50 ár og helst mun lengur; í nútíð er verið að byggja hús framtíðar. Heildarverðmæti í byggðu umhverfi er um 10 000 milljarðar, og þar tekið tillit til árlegra afskrifta (nýbyggingarverðmætið er umtalsvert hærra). Það er þjóðhagslega mikilvægt að þessi fjárfesting nýtist sem best. Í öllum tilvikum þarf stöðugt að leita nýrra leiða til að draga úr kostnaði, bæta gæði og gera byggingar þannig úr garði að þær gegni hlutverki sínu, auk þess sem tryggja þarf að viðhald eldri bygginga skili sem bestum árangri.

Byggingar verða sífellt flóknari og þá um leið viðkvæmari fyrir mistökum. Hérlendis er veðurfar erfitt og lítill markaður ásamt mikilli sköpunarþörf einstaklinga veldur fjölbreytileika og lítil áhersla er á staðlaðar lausnir; það er mikið um einstakar, staðbyggðar byggingar. Það er því óvenju mikil þörf á grandskoðun aðferða, ábendingum varðandi heppilegar lausnir og stöðugri leit að betri og hagkvæmari aðferðum fyrir erfiðar aðstæður og breytilegar kröfur markaðarins.

Umhverfisaðstæður, byggingaraðferðir og efnisnotkun er iðulega mismunandi milli landa. Hérlendis bætist við að nánast öll byggingarefni eru innflutt. Þetta eykur á fjölbreytnina en verður til þess að þekking á eiginleikum efna og notkunargildi þeirra við íslenskar aðstæður er oft ábótavant. Hérlendis hefur reynslan sýnt að það er langt í frá tryggt að erlendar lausnir gefist alltaf vel og brýn nauðsyn að skoða vandlega allar nýjungar sem berast til landsins, hvort sem um er að ræða efni eða byggingarlausnir.

Hnattræn hlýnun (af hvaða völdum sem hún verður) mun enn auka á álag mannvirkja, erlendis er þetta tekið mjög alvarlega. Þar eru unnar áhættugreiningar varðandi hvaða áhrif þetta geti haft á mannvirki sem þegar standa; og þá hvort ástæða sé að taka þetta inn í áætlanagerð varðandi viðhald og viðhaldsaðferðir.

Það er því augljóslega mjög mikilvægt að styrkja rannsóknarumhverfið í byggingariðnaði. Hins vegar þá er margt í byggingarannsóknnum sem verður ekki leyst nema með samfelli í starfsemi, annars er hætt við að rannsóknir stefni ekki að sameiginlegu markmiði og þekking glatist. Það er mjög mikilvægt að aðstaða sé fyrir hendi, bæði tæki og mannskapur, sem er stöðugt í notkun þannig að reynsla og tækjabúnaður byggist upp og sé til staðar fyrir hvern þann sem þarfnast aðstöðu; hvort sem um er að ræða nýsköpunar- og þróunarverkefni eða þjálfun (t.d. kennsla nemenda og símenntun).

Sumar rannsóknir eru mjög tímafrekar, ná yfir langt árabil og enginn einn aðili hefur sérstakan hag af árangrinum; það er heildin sem græðir mest. Dæmi um slíka rannsókn er t.d. alkalívandinn sem tók tæpa tvo áratugi að greina, finna lausn á og útfæra aðferðarfræði sem dugði í byggingariðnaðinum. Í dag er glímt við við annan útbreiddan vanda, þ.e. rakavandamál og óhollustu innandyrna af þeim sökum.

Æskilegt er að rannsóknarstarfsemi sé með tryggan fjárhagsgrundvöll svo hægt sé að tryggja vissa samfelli í rannsóknnum og rekstri tækja og annarri aðstöðu. Erfitt mun reynast að tryggja reglulegan rekstur með óregluleg framlagi frá rannsóknarsjóðum með mjög takmarkað fjármagn sem mun væntanlega dreifast milli margra aðila. Hætta er á þetta muni sérstaklega

bitna á umhverfistengdum verkefnum sem þurfa að ná yfir lengri tíma og eru því kostnaðar- og tímafrekari. Hjá Rannsóknastofu byggingariðnaðarins hjá NMÍ hefur t.d. staðið yfir rannsókn á langtímaeiginleikum íslenskrar steinsteypu með tilliti til öldrunar undanfarin 10 ár. Vandséð er hvernig slík rannsókn getur passað inn í hefðbundið styrkumhverfi rannsóknarsjóða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir og að einhverju leiti tækjabúnaður flytjist til hins nýja einkahlutafélags. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að núverandi húsnæði verði framtíðarhúsnæði starfseminnar. Í því ljósi er rétt að benda á að húsnæði Rannsóknastofu byggingariðnaðarins er sérstaklega hannað fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og þar er ýmis tækjabúnaður sem ekki verður settur upp í venjulegu skrifstofuhúsnæði. T.d. er þar sérstaklega styrkt steinsteyp gólf með innsteiptum festingum, svokallað spennigólf, ætlað til burðarþolsprófana. Í húsnæðinu hafa jafnframt verið útbúin rými fyrir sérstakar prófanir, með ærnum tilkostnaði. Þar má nefna: rakaklefa fyrir efnisprófanir, prófunarskápur fyrir veðrunarþol byggingareininga, svo sem glugga og hurða. Rými fyrir hljóðvistarrannsóknir og fleira. Einnig er þar tölvustýrða brotvél sem grunduð er á föstu undirlagi. Einnig er þar svæði sem sérstaklega er ætlað til steinsteypuprófana með sérstöku frárennsliskerfi. Rannsóknaraðstaða af þessu tagi er ekki tilstaðar annarstaðar á Íslandi. Miðað við það sem fram kemur í frumvarpinu og meðfylgjandi greinargerð verður ekki séð að til standi að byggja nýtt rannsóknarhús sem geti boðið upp á samskonar aðstöðu.

Því er ástæða til að óttast að rannsóknarstarfsemi Rannsóknastofu byggingariðnaðarins muni líða undir lok, sökum aðstöðuleysis og skorts á rekstarfé við þá breytingu sem frumvarpið boðar.